

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. desember 2003

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 99. mál.

Neytendasamtökin hafa þá stefnu að afnema beri verðtryggingu á fjárskuldbindingum. Neytendasamtökin styðja því hugmyndir og tilögur sem eru líklegar til að þoka þessu baráttumáli samtakanna í rétta átt. Með tilliti til þess hve málið er mikilvægt fyrir fjármál heimilanna, telja Neytendasamtökin að skipa beri fulltrúa frá Neytendasamtökunum í nefnd þá sem tillagan gerir ráð fyrir að verði skipuð.

Neytendasamtökin telja að taka eigi ákvörðun um að afnema verðtryggingu nú þegar, enda verður gildandi lánsamningum ekki breytt nema með samþykki bæði lánveitenda og lántaka. Því mun það taka all mörg ár þangað til að verðtrygging fjárskuldbindinga hverfur með öllu.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður